



Samþykkt um bílastæðasjóð Norðurþings

I. kafli Um samþykktina og orðskýringar

1. gr.

Samþykkt þessi kveður á um stjórn og stjórnslu bílastæðasjóðs, gjaldsvæði, gjald- og ógjaldskyld bílastæði, græn bílastæði og rafmagnshleðslustæði, stæði fyrir hreyfihamlaða og eftirlit með stöðubrotum.

2. gr.

Orðskýringar

- Bílastæði er svæði með reitum til að leggja bifreiðum. Á bílastæði er óheimilt að leggja bílum annars staðar en á merktum reitum.
- Gjaldsvæði afmarkar svæði gjaldskyldra bílastæða. Sérhvert gjaldsvæði getur haft mismunandi gjald/klst., gjaldskyldutíma og kvaðir um hámarkstíma.
- Gjaldskrá bílastæðasjóðs Norðurþings gildir fyrir gjaldskyld bílastæði og umsýslukostnað.
- Gjaldskyldutími er sá tími dags sem gjaldskylda er í gildi. Gjaldskyldutími getur verið breytilegur eftir gjaldsvæðum.
- Stæði fyrir hópferðabifreiðar eru bílastæði og/eða svæði þar sem aðeins er heimilt að leggja hópferðabifreiðum.
- Græn stæði og rafmagnshleðslustæði eru bílastæði fyrir bifreiðar sem eingöngu ganga fyrir umhverfisvænum orkugjöfum, s.s. rafmagni, vetni eða metani.
- Stæði fyrir hreyfihamlaða eru sérmerkt bílastæði þar sem framvísa þarf stæðis-korti fyrir hreyfihamlaða til þess að hafa heimild til að leggja í stæðin.
- Gjöld vegna ógreiddrar viðveru eru gjöld sem lögð eru á bifreiðar ef ekki hefur verið greitt fyrir afnot gjaldskylds bílastæðis eða greitt hefur verið fyrir of stuttan tíma.

II. kafli Stjórn, stjórnslu, hlutverk og tekjur sjóðsins

3. gr.

Bílastæðasjóður Norðurþings er í eigu Norðurþings. Byggðarráð í umboði sveitarstjórnar fer með stjórn sjóðsins.

Sveitarstjórn setur gjaldskrá fyrir bílastæðasjóð sem kveður á um gjaldskyldu á hverju gjaldsvæði, gjaldskyldutíma, gjöld vegna ógreiddrar viðveru og stöðubrotgjald.

Skipulags- og framkvæmdaráð og stjórn Hafnasjóðs gera tillögur um gerð og staðsetningu gjaldsvæða og bílastæða samkvæmt samþykkt þessari.

Þjónustumiðstöð Norðurþings sér um daglegt eftirlit með gjaldsvæðum.

Samskipti við fyrirtæki með lausnir fyrir gjaldtöku er á höndum sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs.

Fjárslusvið sér um móttöku greiðslna og uppgjöra frá viðkomandi þjónustuaðila sem sér um lausnir fyrir gjaldtöku, sem og bókhald og fjárreiður bílastæðasjóðs.

4. gr.

Verkefni bílastæðasjóðs Norðurþings er að eiga og reka gjaldskyld og ógjaldskyld bílastæði fyrir almenning á hafnasvæði, í miðbæ Húsavíkur og víðar.

5. gr.

Kostnaður vegna bílastæða, sem skylt er að greiða úr bílastæðasjóði skal bókfærast hjá sjóðnum sem og vegna annarra bílastæða skv. nánari ákvörðun byggðarráðs.

Til bílastæðasjóðs skulu renna tekjur ef um eigu stöðureita er að ræða og sektir vegna ógreiddrar viðveru.

Til sjóðsins renna enn fremur tekjur af leigu bílastæða ef um fastleigustæði er að ræða sem leigð eru til lengri eða skemmri tíma.

III. kafli Um bílastæði

6. gr.

Bílastæði í samþykktum þessum geta verið:

- a. gjaldskyld bílastæði, í takmarkaðan tíma
- b. ógjaldskyld bílastæði til skammtímastöðu
- d. gjaldskyld og ógjaldskyld bílastæði fyrir hópferðabifreiðar
- e. ógjaldskyld bílastæði
- g. græn bílastæði

7. gr.

Bílastæði eru merkt með hvítum 100 mm breiðum línum, heilum, brotnum eða hellurönd. Þegar ökutæki er lagt á merkt stæði skal það allt vera innan línanna. Bílastæði geta einnig verið tilgreind með umferðarskilti.

Bílastæði ætluð sérstökum aðilum eru merkt með umferðarmerki. Jafnframt er heimilt að merkja stæðin sjálf með áletrun til samræmis við merkið.



IV. kafli Gjaldskyld bílastæði

8. gr.

Um gjaldskyld svæði, gjaldskyldutíma og gjald fyrir að leggja í gjaldskyld bílastæði gilda ákvæði gjaldskrár bílastæðasjóðs.

Rafrænar greiðslulausnir eru notaðar til að greiða fyrir gjaldskyld bílasvæði.

9. gr.

Byggðarráð ákveður gjald fyrir stöðu ökutækis eftir gjaldsvæðum og hvað ökutæki má standa þar lengi samfellt og á hvaða tíma gjaldskylda er, í gjaldskrá bílastæðasjóðs.

Lögreglustjóri getur breytt ákvæðum um gjaldskyldu þegar sérstaklega stendur á.

10. gr.

Á skilti við gjaldskyld bílastæði skal greinilega letrað hvort gjaldskyldusvæði er P1 eða P2 og á hvaða tíma er gjaldskylda.

Ekkert ökutæki má standa á tímamerktum gjaldsvæðum lengur en þann tíma, sem tilgreindur er.

Hafi bíll staðið án greiðslu eða of lengi á stæðinu er innheimt gjald vegna ógreiddrar viðveru samkvæmt gjaldskrá bílastæðasjóðs.

V. kafli Ógjaldskyld stæði og gjaldskyld stæði utan gjaldskyldutíma

11. gr.

Heimilt er að leggja án gjaldskyldu á bílastæðum á ógjaldskyldum svæðum á hafnarsvæði og í miðbænum, og utan gjaldskyldutíma á gjaldskyldum stæðum.

12. gr.

Óheimilt er að leggja stórvirkum vinnubifreiðum, vinnuvélum, eftir- og tengivögnum, vöruflutningabifreiðum, dráttarkerrum, bátum o.p.h. skráðum ökutækjum á ógjaldskyldum bílastæðum í miðbænum.

Óheimilt er að leggja bílum til lengri tíma (til geymslu) á ógjaldskyldum stæðum.

VI. kafli Græn bílastæði og rafmagnshleðslustæði

13. gr.

Bílar sem ganga eingöngu fyrir umhverfisvænum orkugjöfum, s.s. rafmagni, vetni eða metani, er einum heimilt að leggja í svokölluð græn stæði sem merkt eru með sérstöku skilti. Séu græn stæði innan gjaldskylds svæðis eru þau gjaldskyld, jafnvel þótt greitt sé fyrir orkugjafa sérstaklega.



14. gr.

Séu græn stæði með rafmagnshleðslu gildir það sama um þau og önnur græn stæði að ef þau eru á gjaldskyldu svæði þá eru þau gjaldskyld. Almennt má bíll ekki standa í rafmagnshleðslustæði í lengri tíma en það tekur að fullhlaða bílinn.

VII. kafli Stæði fyrir hreyfihamlaða

15. gr.

Handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða (P-korta) er einum heimilt að leggja í sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Stæðiskortin veita einnig heimild til að leggja í gjaldskyld stæði. Sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða eru undanþegin gjaldskyldu.

P-korti skal komið fyrir innan við framrúðu þannig að framhlið þess og gildistími séu vel sýnileg að utan.

VIII. kafli Eftirlit með ógreiddri viðveru

16. gr.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar sjá um eftirlit með gjaldskyldum bílastæðum. Þeir skulu líta eftir því að bifreiðum sé ekki lagt lengur en heimilt er á gjaldskyld bílastæði, og að notendur þeirra hafi greitt tilskilin gjöld þar sem það á við.

17. gr.

Eftirlit er framkvæmt af starfsmönnum þjónustumiðstöðvar með nýtingu snjallforrits. Farið er um skilgreint gjaldskylt svæði, skönnuð bílnúmer ökutækja og flett upp númerum sem lagt hafa og kannað hvort greitt hafi verið fyrir viðveru. Hafi ekki verið greitt fyrir viðveru er hægt að stofna til innheimtu ógreiddra gjalda. Myndir skulu vera þannig teknar að þær sanni að staðsetning ökutækisins sé innan afmarkaðs gjaldsvæðis. Framkvæmd innheimtu er í höndum samstarfsaðila, skv. samningi þar um.

18. gr.

Sveitarstjórn ákveður fjárhæð ógreiddrar viðveru í gjaldskrá. Auk þess gildir gjaldskrá samstarfsaðila vegna innheimtukostnaðar skv. samningi þar um.

IX. kafli Gildistaka o.fl.

19. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi 27.03.2025

Samþykkt í byggðarráði Norðurþings 23. maí 2024

Samþykkt í sveitarstjórn Norðurþings 27. júní 2024





Gjaldskylda byrjar/endar

Sleppistæði f. rútur

Gjaldskylda

Gjaldskylda

Gjaldskylda

Gjaldskylda byrjar/endar

Frístæði

Frístæði

Frístæði

Frístæði